

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Bætur almannatrygginga skulu hækka um 2% frá 1. febrúar 1988 frá því sem þær eru í janúar 1988.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. febrúar 1988.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

### fyrir menningarmiðstöð að Laugalandi, Holtum.

#### 1. gr.

*Markmið* menningarmiðstöðvarinnar skal vera að skapa sem besta aðstöðu fyrir:

- a) Skólalald Laugalandsskóla í samvinnu við skólanefnd.
- b) Safn bóka, skjala, mynda og nýsiefnis. Einnig fyrir hverskonar fræðiiðkanir í tengslum við safnið og útlán efnis sbr. 7. gr.
- c) Almennar íþróttaiðkanir.
- d) Lista-, félags- og fundarstarfsemi íbúa aðildarhreppanna.
- e) Móttöku utanaðkomandi aðila sem flytja menningarlegt efni, svo sem tónlistar- og leikhópa, listsýningar o.fl.

#### 2. gr.

*Eigendur og rekstraráðilar* menningarmiðstöðvarinnar eru Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur í Rangárvallasýslu. Rekstrarkostnaður skal skiptast eftir sömu hlutföllum og gilda um rekstur Laugalandsskóla.

#### 3. gr.

*Stjórn* menningarmiðstöðvarinnar skipa 4 menn. Skulu hreppsnefndir aðildarhreppanna kjósa einn mann í stjórnina hver að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og annan til vara. Þá skal skólastjóri Laugalandsskóla eiga sæti í stjórninni. Flytji stjórnarmaður burt úr þeim hreppi sem hann er kosinn í skal varamaður taka sæti hans.

Formaður stjórnar skal vera frá aðildarhreppunum til skiptis eitt ár í senn. (Fyrstu 2 árin eftir hlutkesti). Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

#### 4. gr.

Verkefni stjórnar eru:

- a) Að ráðstafa húsnæði til notkunar að því leyti sem ekki er undanskilið í 6. og 7. gr.
- b) Að ráða starfsfólk sem nauðsynlegt er til þess að rekstur geti gengið edlilega.